

Í 17. grein Reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 segir: „Þegar nemandi nýtur sérúrræða, skv. ákvæðum þessa kafla, skulu kennarar, og aðrir fagaðilar ásamt nemandanum og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk. Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Ennfremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.“

Við gerð tilfærsluáætlana styðst skólinn við viðmið skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

(http://eldri.reykjavik.is/portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skyrslur/Gatlistar.pdf) auk upplýsingaskýrslu sem nemandi og forráðamenn fylla út og byggist á aðlagaðri tilfærsluáætlun Þórunnar Svövu Róbertsdóttur, sérkennara í Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Tilgangurinn með tilfærsluáætlun skólans er að miðla upplýsingum áfram til næsta skólastigs um skólagöngu nemandans, aðstæður hans og félagslega og námslega stöðu, áhugamál hans og áform hans um frekara nám.

Þegar nemandi útskrifast úr grunnskólanum afhendir skólinn foreldrum/forráðamönnum afrit af þeim gögnum sem þurfa að fylgja á milli skólastiga svo sem helstu greiningum, þroskamati, skriflegri greinargerð um náms- og félagslega stöðu nemandans og annað sem kann að nýtast við móttöku hans í nýjum skóla. Foreldrar bera ábyrgð á að koma þessum gögnum til móttökuskólans.

Undirbúningur að skólaskiptum nemandans hefjist ekki síður en í 9. bekk.

Skólinn lætur foreldra/forráðamönnum í té upplýsingar varðandi heimsóknir í þann skóla sem nemandinn hefur áhuga á að sækja og aðstoðar við að skipuleggja þær.

Tilfærsluáætlanir nemenda með sérþarfir eru á ábyrgð skólastjórnar, umsjónarkennara viðkomandi nemandans auk deildarstjóra sérkennslu. Ráðgefandi eru fagaðilar og það sérfræðiteymi sem unnið hefur með nemandanum og fjölskyldu hans ásamt skólanum.

